

Persónuverndarstefna

Kærunefnd útlendingamála

7. október 2020

Efnisyfirlit

1. Almenn	3
2. Persónuverndarfulltrúi	3
3. Um kæruneftnd útlendingamála	4
4. Kæruneftnd útlendingamála er ábyrgðaraðili og vinnsluaðili	4
5. Lagaleg greining og vinnslugreining	5
6. Tilgangur vinnslu persónuupplýsinga	5
7. Geymslutími persónuupplýsinga	5
8. Miðlun persónuupplýsinga	5
9. Öryggi persónuupplýsinga	6
10. Réttur til aðgangs að persónuupplýsingum	6
11. Hvenær vinnur kæruneftnd útlendingamála með persónuupplýsingar	6
11.1 Umsýsla með kærnu	6
11.2 Eftirlitsmyndavélar	7
11.3 Starfsmannauplýsingar	7
11.4 Rafrænt eftirlit	8
11.5 Birting úrskurða á netinu	8
12. Fyrirspurnir, athugasemdir og ábendingar	9

1. Almennt

Kærunefndar útlendingamála hagar vinnslu persónuupplýsinga í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs.

Í lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga er hugtakið persónuupplýsingar skilgreint sem sérhverjar upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling. Þá segir í lögnum að einstaklingur teljist persónugreinanlegur ef unnt er að persónugreina hann, beint eða óbeint, svo sem með tilvísun í auðkenni eins og nafn, kennitölu, staðsetningargögn, netauðkenni eða einn eða fleiri þætti sem einkenna hann í líkamlegu, lífeðlisfræðilegu, erfðafræðilegu, andlegu, efnalegu, menningarlegu eða félagslegu tilliti.

Með viðkvæmum persónuupplýsingum er m.a. átt við upplýsingar um kynþátt, þjóðernislegan uppruna, stjórnmalaskoðanir, trúarbrögð, heimspekilega sannfæringu, aðild að stéttarfélagi, heilsufar, kynlíf og kynhneigð, erfðaeiginleika eða líkamlega, lífeðlisfræðilega eða atferlisfræðilega eiginleika einstaklings.

Persónuverndarstefna þessi byggir á ákvæðum laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og á ákvæðum reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga.

Í persónuverndarstefnu þessari er gerð grein fyrir meginþáttum vinnslu persónuupplýsinga hjá kærunefnd útlendingamála. Í vinnslu felst meðal annars söfnun, skráning, flokkun, varðveisla, notkun og miðlun upplýsinga. Þá er einnig gerð grein fyrir tilgangi og heimild vinnslunnar, varðveislutíma, miðlun þeirra til þriðja aðila og með hvaða hætti öryggis þeirra er gætt.

Áhersla er lögð á að persónuverndarstefnan sé aðgengileg, auðskiljanleg og á skýru og einföldu máli. Persónuverndarstefnan er endurskoðuð með reglubundnum hætti og birt á heimasíðu kærunefndar útlendingamála.

2. Persónuverndarfulltrúi

Kærunefnd útlendingamála hefur skipað persónuverndarfulltrúa sem hefur það hlutverk að fylgjast með því að farið sé að ákvæðum reglugerðar ESB 2016/679, lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og eftir atvikum öðrum lögum er varða persónuvernd.

Persónuverndarfulltrúi kæruneftndarinnar er Bryndís Matthíasdóttir. Unnt er að hafa samband við persónuverndarfulltrúa með því að senda tölvupóst á netfangið personuvernd@knu.is eða með því að senda bréf á heimilisfang kæruneftndar útlendingamála, Skúlagötu 17, 101 Reykjavík.

3. Um kæruneftnd útlendingamála

Hlutverk kæruneftndar er aðallega að rannsaka og úrskurða í málum sem kærð eru til hennar á grundvelli 7. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016. Kæruneftndin hefur ekki með höndum umönnun umsækjenda um alþjóðlega vernd eða aðra félagslega aðstoð sem umsækjendur þurfa og eiga rétt á. Þá kemur kæruneftndin ekki að stefnumörkun í þessum málaflokki að öðru leyti en því sem leiðir af úrskurðum hennar. Framkvæmd úrskurða kæruneftndarinnar er í höndum Útlendingastofnunar og Ríkislögreglustjóra.

Við úrlausn kærumála hefur kæruneftndin sömu valdheimildir og ráðherra sem úrskurðaraðili á æðra stjórnarsýslustigi. Kæruneftndin er sjálfstæð stjórnarsýsluneftnd. Af því leiðir að ráðherra gefur kæruneftndinni hvorki almenn né sérstök tilmæli um úrlausn mála.

Hjá kæruneftndinni starfa um tuttugu manns, flestir þeirra löglærðir.

4. Kæruneftnd útlendingamála er ábyrgðaraðili og vinnsluaðili

Kæruneftnd útlendingamála er bæði ábyrgðaraðili og vinnsluaðili persónuupplýsinga. Ábyrgðaraðili er sá aðili sem ákveður einn eða í samvinnu við aðra tilgang og aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga. Vinnsluaðili er sá aðili sem vinnur með persónuupplýsingar á vegum ábyrgðaraðila.

Kæruneftnd útlendingamála telst í öllum tilvikum vera ábyrgðaraðili samkvæmt lögum nr. 90/2018 þegar kemur að vinnslu persónuupplýsinga sem tengjast starfsemi nefndarinnar. Í því felst að kæruneftnd útlendingamála ákveður, ein eða í samvinnu við aðra, í flestum tilfellum vinnsluaðila, tilgang og aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga. Vinnsla kæruneftndar á persónuupplýsingum fer ýmist fram með samþykki einstaklings, vegna samnings við einstakling, á grundvelli lagaskyldu, til að vernda hagsmuni einstaklings, vegna almannahagsmuna eða vegna annarra lögmætra hagsmuna. Kæruneftnd útlendingamála tekur við gögnum og upplýsingum frá bæði einstaklingnum sjálfum og utanaðkomandi aðilum, t.d. stjórnvöldum, eftirlitsstofnunum, lögmennstofum o.fl., vegna vinnslu sinnar á persónuupplýsingum, og berast upplýsingarnar ýmist með bréfpósti, tölvupósti, símléiðis, í gegnum tölvukerfi, o.fl. Kæruneftnd útlendingamála gætir að meginreglum laga nr. 90/2018, þ.e. lögmætisreglunni, tilgangsreglunni, meðalhöfsreglunni, áreiðanleikareglunni og varðveislureglunni. Þá mun kæruneftnd útlendingamála, sem ábyrgðaraðili, ávallt geta sýnt

fram á að vinnsla persónuupplýsinga af hálfu nefndarinnar uppfylli skilyrði laga nr. 90/2018. Upplýsingar sem kærunefnd útlendingamála vinnur um einstaklinga flokkast oft sem viðkvæmar persónuupplýsingar.

5. Lagaleg greining og vinnslugreining

Kærunefnd útlendingamála lét gera lagalega greiningu sem og vinnslugreiningu á persónuvernd hjá kærunefndinni. Persónuverndarstefna þessi er unnin upp úr þeim greiningum. Markmiðið var að fá glögga mynd af vinnslu persónuupplýsinga, greina hvort hún sé í samræmi við kröfur nýrra persónuverndarlaga og koma með tillögur að úrbótum sem nauðsynlegar kynnu að teljast. Vinnslugreiningin dregur fram hvaða persónuupplýsingar eru unnar, hver tilgangur vinnslunnar sé o.s.frv. Lagaleg greining byggir á niðurstöðum vinnslugreiningar.

6. Tilgangur vinnslu persónuupplýsinga

Kærunefnd útlendingamála leggur áherslu á að persónuupplýsingar stofnunarinnar séu nægjanlegar, viðeigandi og takmarkist við það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar hverju sinni. Tilgangur vinnslu persónuupplýsinga kærunefndar útlendingamála er að sinna lögbundnu hlutverki sínu samkvæmt lögum um útlendinga nr. 80/2016. Þá fer fram vinnsla persónuupplýsinga samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

7. Geymslutími persónuupplýsinga

Kærunefnd útlendingamála geymir persónuupplýsingar eins lengi og nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslu og ákvæði samninga, nema þegar lög og reglur kveða á um lengri geymslutíma. Kærunefnd útlendingamála starfar í samræmi við lög nr. 77/2017 um opinber skjalasöfn. Samkvæmt þeim lögum ber stofnuninni að varðveita gögn, þar með talin persónuupplýsingar, í 30 ár og að þeim tíma liðnum skila þeim til varðveislu hjá Þjóðskjalasafni Íslands.

8. Miðlun persónuupplýsinga

Kærunefnd útlendingamála afhendir einungis persónuupplýsingar á grundvelli skýrrar lagaheimildar, til dæmis til opinberra aðila, svo sem löggæsluyfirvalda eða annarra aðila sem lögum samkvæmt hafa heimild til að móttaka tilgreindar upplýsingar, svo sem samkvæmt stjórnsýslulögum eða upplýsingalögum. Þá afhendir kærunefnd persónuupplýsingar til Ríkislögmans þegar það er nauðsynlegt í tengslum við rekstur dómsmála.

9. Öryggi persónuupplýsinga

Kærunefnd útlendingamála ber ábyrgð á öruggri vinnslu persónuupplýsinga. Starfsfólk og nefndarmenn kærunefndar útlendingamála eru bundnir þagnaskyldu um allt það sem þeir komast að vegna starfa sinna og leynt á að fara um. Þagnarskyldan gildir eftir starfslok.

Örugg vinnsla persónuupplýsinga er tryggð með skýru verklagi sem tekur mið af tilgangi vinnslunnar. Þá er sérstök aðgát höfð við skráningu, uppfærslu, varðveislu, afritun og eyðingu persónuupplýsinga, til að koma í veg fyrir að upplýsingar glatist eða berist óviðkomandi.

10. Réttur til aðgangs að persónuupplýsingum

Kærunefnd útlendingamála veitir einstaklingum staðfestingu á því hvort unnar séu persónuupplýsingar um viðkomandi sé þess óskað. Reynist persónuupplýsingar til staðar hjá kærunefnd útlendingamála er veittur aðgangur að upplýsingunum, sem og upplýsingar um tilgang vinnslunnar, geymslutíma upplýsinganna, uppruna þeirra og hvort sjálfvirk ákvörðunartaka fari fram, auk þess að leiðréttu, eyða eða takmarka vinnslu eftir atvikum. Kærunefnd útlendingamála mun þó ekki afhenda afrit af persónuupplýsingum sem koma fram í vinnugögnum starfsmanna, svo sem eftirlitsskýrslum, tölvupóstum, minnisblöðum og fleira nema samkvæmt dómsúrskurði. Einstaklingar hafa rétt til að andmæla vinnslu og leggja fram kvörtun til Persónuverndar, sjá www.personuvernd.is.

Óski einstaklingar eftir aðgengi að persónuupplýsingum sínum skal beiðni þess efnis vera skýr og afmörkuð þannig að ljóst sé hvaða upplýsinga sé óskað. Fylla skal út meðfylgjandi eyðublað og skal það afhent í móttöku kærunefndar, Skúlagötu 17, eða sent kærunefnd útlendingamála með pósti eða tölvupósti á netfangið personuvernd@knu.is ásamt afriti af gildum skilríkjum. Persónuupplýsingar eru eingöngu afhentar gegn framvísun gildra persónuskilríkja í móttöku kærunefndar útlendingamála eða sendar með ábyrgðarpósti á lögheimili viðkomandi.

11. Hvenær vinnur kærunefnd útlendingamála með persónuupplýsingar

11.1 Umsýsla með kæru

Vinnsla persónuupplýsinga varðandi umsýslu með kærur er heimil á grundvelli 3. tölul. 9. gr., 7. tölul. 1. mgr. 11. gr. og 3. tölul. 2. mgr. 12. gr. laga um persónuvernd. Hvað varðveislu gagna skv. ofangreindum 1. tölulið þessa tillagna varðar, hvílir heimildin á 1. mgr. 18. gr. laganna.

Skjalavistunaráætlun. Í skjalavistunaráætlun kærunefndar útlendingamála kemur fram með hvaða hætti gögn eru varðveitt, flokkuð, hve lengi þau eru geymd og hvernig að þeim verður eytt að geymslutíma liðnum. Stefnan mótast að mestu af lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 og af reglum Þjóðskjalasafns Íslands, m.a. reglum um skjalavistunaráætlanir og

rafræn skjalavörslukerfi. Í skjalavistunaráætluninni er skilgreindur geymslutíma gagna í „Sharepoint“ og geymslutíma tölvupósta í pósthólfum starfsmanna, sem varða einstök mál. Tölvupóstar og gögn á tölvum starfsmanna eru vistuð í skýinu innan EES og eru aðgangsstýrð. Gögn vegna einstakra mála eru geymd hér á landi af vinnsluaðila (Hugvit).

11.2 Eftirlitsmyndavélar

Kærunefnd útlendingamála er með eftirlitsmyndavélar í móttöku sem taka upp myndskleið, en ekki hljóð. Tilgangur með notkun eftirlitsmyndavéla í anddyri er tvíþættur. Annars vegar að geta fylgst með hverjir séu í móttöku húsnæðis kærunefndar og hins vegar að geta séð hverjir komi og fari úr móttöku. Starfsemi KNU útheimtir aukið öryggisstig og samstarf við lögreglu.

Vinnslan er framkvæmd í öryggis- og eignavörslutilgangi. Heimild til vinnslunnar er í 6. tölul. 9. gr. persónuverndarlaga. Um hana gildir einnig 14. gr. laganna. Vinnslan telst vera rafræn vöktun, sbr. 9. tölul. 3. gr. persónuverndarlaga. Um vinnsluna gilda ennfremur reglur nr. 837/2006 um rafræna vöktun, með síðari breytingum. Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. reglnanna er ekki heimilt að varðveita gögn sem verða til við rafræna vöktun lengur en 90 daga nema lög heimili.

Varðveisla, geymslutími og öryggisráðstafanir. Upptökur eru geymdar á hörðum diskum hjá kærunefnd útlendingamála. Geymslutími eru sextíu dagar.

Aðgengi að upplýsingum. Formaður og varaformaður hafa einir aðgang að upptökum úr eftirlitsmyndavélum.

11.3 Starfsmannaupplýsingar

Vinnsla persónuupplýsinga um starfsmenn, þ.m.t. gögn vegna umsóknar og ráðningar, eru heimil skv. 2. tölul. 9. gr. persónuverndarlaga og væntanlegur tveggja ára geymslutími umsóknargagna grundvallast á heimild í 6. tölul. 9. gr. laganna. Vinnsla upplýsinga um stéttarfélagsaðild styðjast við 1. tölul. 1. mgr. 11. gr. persónuverndarlaga og vinnsla heilsufarsupplýsinga er heimil á grundvelli 8. tölul. 1. mgr. 11. gr. sömu laga.

Tilgangur með vinnslu persónuupplýsinga um starfsfólk er til þess að halda úti starfsemi kærunefndar útlendingamála og sjá til þess að nefndin geti haldið úti lögboðnu hlutverki sínu. Þá þarf vinnsla að eiga sér stað svo að kærunefndin geti efnt ráðningarsamning við starfsfólk, greitt því laun og séð til þess að það njóti lögboðinna réttinda sinna, s.s. með greiðslu í stéttarfélag og lífeyrissjóð. Tilgangur vinnslu kann einnig að vera sá að gera kærunefnd útlendingamála að eftirsóttum vinnustað, sjá til þess að hæfir umsækjendur fái til starfa og viðhalda góðum anda á vinnustaðnum.

Varðveisla, geymslutími og öryggisráðstafanir. Umsóknir og ferilskrár eru geymdar rafrænt í tölvupósthólfum og á onedrive í skýinu. Geymslutími er ótakmarkaður. Önnur gögn vegna ráðningar eru geymd í tvö eftir að ráðningarferli lýkur. Umsóknir og ferilskrár eru prentaðar en prentuðum eintökum er eytt að loknu ráðningarferli (6 mánuðum eftir). Frumrit ráðningasamnings er geymt hjá kærunefnd útendingamála. Geymslutími ráðningarsamnings er óendanlegur. Upplýsingar eru sendar Fjársýslu ríkisins sem sér um launavinnslu.

Flutningur upplýsinga. Upplýsingar eru fluttar til Fjársýslu ríkisins, sem annast launavinnslu. Dómsmálaráðuneytið fær nöfn og laun allra starfsmanna við gerð fjárhagsáætlunar. Trúnaðarlæknir fær afhentar upplýsingar um starfsfólk kærunefndarinnar. Trúnaðarlæknir fær afhentar heilsufarsupplýsingar þegar kanna á veikindi o.þ.h. (Trúnaðarlæknir er starfsmaður Vinnuverndar ehf.).

11.4 Rafrænt eftirlit

Kærunefnd útendingamála notar aðgerðaskrá í hurðakerfi til að geta fylgst með hverjir ganga um svæði sem eru aðgangsstýrð, til að tryggja aukið öryggi eigna og upplýsinga á aðgangsstýrðum svæðum og til að auðveldara sé að upplýsa um orsakir og afleiðingar öryggisbresta.

Kærunefndin hefur lögmeata hagsmuni af því að fylgjast með því hverjir fari um vinnustaðinn, um svæði þar sem viðkvæmar persónuupplýsingar eru varðveittar og því hvaða starfsmenn skoði upplýsingar í málakerfi. Vinnslan er því framkvæmd í öryggis- og eignavörslutilgangi og byggist á heimild í 6. tölul. 9. gr. persónuverndarlaga.

Vinnslan telst einnig vera rafræn vöktun og fellur því undir reglur nr. 837/2006 um rafræna vöktun og meðferð persónuupplýsinga sem verða til við rafræna vöktun. Sú regla gildir almennt um gögn sem verða til við rafræna vöktun að þau skuli varðveitt að hámarki í 90 daga, skv. 2. mgr. 7.gr. reglnanna. Hins vegar á þetta ekki við um persónuupplýsingar sem verða til við atburðaskráningu, sbr. 4. másl. 2. mgr. 7. gr., en þær skulu þó ekki varðveittar lengur en málefnaleg ástæða er til.

Starfsfólk kæruefndarinnar og aðrir handhafar aðgangskorta, s.s lögregla, öryggisverðir, ræstitæknar fá fræðslu um rafræna vöktun. Með vísan til fræðsluskyldu í 10. gr. reglna um rafræna vöktun í samræmi við 2. og 3. mgr. 10. gr.

11.5 Birting úrskurða á netinu

Samkvæmt 7. mgr. 6. gr. útendingalaga er lagt fyrir nefndina að birta að jafnaði úrskurði sína eða útdrætti úr þeim sem fela í sér efnislega niðurstöðu. Birting á forsendum úrskurða er talin til þess fallin að styrkja réttaröryggi og fyrirsjáanleika í beitingu regluverksins.

Úrskurðir eru birtir án nafna, kennitalna og annarra persónugreinanlegra auðkenna aðila að viðkomandi málum. Við birtingu úrskurða á netinu fylgir kærunefnd verklagsreglum um birtingu úrskurða sem finna má á vefsíðu kærunefndar. Með því að fylgja verklagsreglunum felur birting úrskurðar ekki í sér vinnslu persónuupplýsinga enda eru úrskurðir ekki í persónugreinanlegu formi þegar þeir eru birtir.

12. Fyrirspurnir, athugasemdir og ábendingar

Fyrirspurnum, athugasemdum og ábendingum um persónuverndarstefnu þessa eða vinnslu persónuupplýsingar skal beina til persónuverndarfulltrúa.

Samþykkt af formanni kærunefndar útlendingamála 7. október 2020